

Fimmtudaginn 5. júní 1997.

Nr. 321/1996.

Hafsteinn Esjar Stefánsson

Elma Þórarinsdóttir

Gunnlaugur Ingvarsson

Guðmundur Kr. Guðmundsson

Haraldur Ingvarsson

Agnar Hafsteinsson

Guðni Guðnason

Sigurjón Ásgeirsson

Unnsteinn Guðmundsson

Friðrik Örn Guðmundsson

IceMac hf.

Ingvar Ingvarsson og

Alda Jóhannesdóttir

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

Borgey hf.

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

Frávísun frá héraðsdómi. Kyrrsetning. Vörslusvipting. Aðild. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1996. Þeir krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum eftirgreindar bætur: Hafsteini Esjari 1.352.200 krónur, Elmu 250.000 krónur, Gunnlaugi 250.000 krónur, Guðmundi 1.102.200 krónur, Haraldi 363.000 krónur, Agnari 474.600 krónur, Guðna 682.600 krónur, Sigurjóni 363.000 krónur, Unnsteini 697.800 krónur, Friðriki Erni 279.000 krónur, IceMac hf. 744.000 krónur, Ingvari 372.000 krónur og Öldu 69.600 krónur. Þeir krefjast enn fremur dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 úr hendi stefnda frá 15. september 1995 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur voru eigendur að öllu hlutafé í Skriðjökli hf., er frystitogari félagsins, Ottar Birting, var kyrrsettur á Höfn í Hornafirði 12. apríl 1995 að kröfu stefnda og félagið jafnframt svipt umráðum yfir honum. Mál til innheimtu kröfu stefnda og staðfestingar kyrrsetningu var þingfest fyrir Héraðsdómi Austurlands 3. maí 1995, en lauk síðan með dómsátt 16. júní sama ár. Sama dag var kyrrsetningargerðin að ósk stefnda endurupptekin hjá sýslumanninum á Höfn, þar sem kyrrsetning og umráðasvipting á skipinu var felld niður. Hluthafar í félaginu höfðuðu síðan mál þetta til heimtu bóta fyrir tjón, sem þeir telja, að ólögmætar aðgerðir stefnda hafi bakað sér.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að áfrýjendur geti ekki átt sjálfstæða málsaðild vegna ætlaðs tjóns af kyrrsetningunni. Skriðjökull hf. geti formlega átt slíka málsaðild vegna ætlaðs tjóns, þar sem gerðinni hafi verið beint að því félagi. Það eigi hins vegar ekki við um áfrýjendur. Telji þeir sig eitthvert tjón hafa beðið, sé það einungis óbeint og leitt af tjóni félagsins sjálfs. Slíkt geti ekki stofnað þeim sjálfstæðan bótarétt gagnvart stefnda, og beri því að sýkna hann vegna aðildarskorts áfrýjenda.

Í málinu liggur ekki fyrir framsal frá félaginu til áfrýjenda á kröfu þess á hendur stefnda. Slík krafa er því ekki til umfjöllunar í málinu. Það girðir hins vegar ekki fyrir, að aðrir en gerðarþoli sjálfur, sem kunna að hafa beðið tjón vegna kyrrsetningargerðar, geti átt sjálfstæðan bótarétt gegn þeim, sem að slíkri gerð hefur staðið. Áfrýjendur telja tjón sitt felast í því, að verðgildi hlutabréfa sinna í Skriðjökli hf. hafi lækkað vegna aðgerða stefnda og þeir þurft vegna ólögmætra athafna hans að setta sig við lægra söluverð bréfanna en ella. Að þessu virtu verður ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts áfrýjenda. Er jafnframt fullnægt skilyrðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, til að þeir sækir í félagi kröfur sínar á hendur stefnda.

II.

Með dómsátt 16. júní 1995 lofaði Skriðjökull hf. að greiða skuld við stefnda, að fjárhæð rúmlega 3.000.000 krónur, en sú skuld hafði ekki verið vefengd. Telur stefndi, að með því, að ágreiningur gerðarþola og stefnda hafi þannig verið jafnaður, geti hinn fyrrnefndi ekki

krafist bóta vegna ætlaðs tjóns af kyrrsetningu. Eigi það þá einnig við um áfrýjendur. Jafnframt sé það skilyrði samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., að gerðarþoli hafi verið sýknaður í staðfestingarmáli, svo að unnt sé að krefjast bóta fyrir kyrrsetningu. Því skilyrði sé hér ekki fullnægt.

Þegar lítið er til annarra ákvæða VII. kafla laga nr. 31/1990, einkum 4. og 6. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 43. gr., verður ekki fallist á með stefnda, að túlka beri heimildir um bótarétt samkvæmt lögunum svo þröngt sem hann heldur fram. Er áfrýjendum því heimil málshöfðun á þessum grunni. Var stefnda jafnframt ljós afstaða gerðarþola að þessu leyti þegar við gerð dómsáttarinnar, en fyrir liggur, að í þeim samningaviðræðum reyndi stefndi iðulega að fá gerðarþola til að afsala sér rétti til að leita síðar til dómstóla um bætur vegna kyrrsetningarinnar. Því neitaði gerðarþoli, og var ekki um þetta atriði fjallað í sáttinni.

III.

Áfrýjendur reisa kröfur sínar á því, að ekki hafi verið fullnægt skilyrðum laga til að kyrrsetja skipið Ottar Birting. Jafnvel þótt ekki yrði á það fallist, hafi verið óheimilt að svipta eigandann umráðum yfir því. Um þetta vísa áfrýjendur til 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 31/1990.

Óumdeilt er, að í mars og apríl 1995 áttu forráðamenn Skriðjökuls hf. í samningaviðræðum við ýmsa erlenda aðila til að freista þess, að skipið yrði gert út, en það hafði þá legið bundið við bryggju í nokkra mánuði. Var skipið skráð í Panama og hafði ekki rétt til veiða í íslenskri lögsögu. Verður ráðið, að í þessum viðræðum hafi hvort tveggja komið til greina, að leigja skipið eða selja úr landi, jafnvel til fjarlæggra landa. Í málinu hefur verið lagt fram bréf Þórarins S. Guðbergssonar skipasala, sem aðstoðaði forráðamenn Skriðjökuls hf. við þessar tilraunir til samninga, en hann gaf jafnframt skýrslu fyrir dómi. Í bréfi hans og skýrslu kemur fram, að meðal annars hafi staðið yfir viðræður um sölu eða leigu skipsins til Suður-Afríku, sem hafi verið vel á veg komnar. Þessi erlendi aðili hafi hins vegar misst áhuga á samningi, er skipið var kyrrsett. Jafnframt þessu virðast hafa farið fram viðræður við útgerðarmenn í Evrópu og Norður-Ameríku, áður en skipið var kyrrsett.

Þegar þetta er virt, verður ekki fallist á þau sjónarmið áfrýjenda, að um skilyrði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 hafi ekki verið að ræða, til að kyrrsetja mætti skipið, en ekki var vitað um aðrar eignir Skriðjökuls hf., þegar beðið var um kyrrsetningu. Ræður þá ekki úrslitum, að gerðarþoli var ekki áður krafinn um greiðslu skuldarinnar við stefnda með sannanlegum hætti. Þessi aðstaða telst einnig leiða til þess, að stefnda hafi verið heimilt að óska eftir umráðasviptingu samkvæmt 3. mgr. 19. gr. sömu laga. Í endurriti kyrrsetningargerðar kemur hins vegar ekki fram, að sýslumaður hafi gætt þess að krefja gerðarbeiðanda um sérstaka tryggingu vegna umráðasviptingar, eins og kveðið er á um í greininni, til viðbótar tryggingu samkvæmt 16. gr. laganna. Sá annmarki leiðir þó ekki einn sér til þess, að kröfur áfrýjenda nái fram að ganga.

IV.

Í áðurnefndu endurriti úr gerðabók sýslumannsins á Höfn 12. apríl 1995 er skráð, að af hálfu gerðarþola sé viðstaddur framkvæmdastjóri Skriðjökuls hf., en gerðarþola hafði ekki áður verið tilkynnt um beiðni stefnda um kyrrsetningu. Var kyrrsetningu og kröfu um umráðasviptingu mótmælt. Er síðan bókað, að framkvæmdastjórinn geti ekki bent á aðrar eignir gerðarþola en skipið og veiðarfæri þess og að gerðarbeiðandi lýsi yfir, að hann fallist ekki á, að kyrrsetning verði eingöngu bundin við veiðarfæri skipsins. Ekki er frekar bókað um þetta, en í kjölfarið ákvað sýslumaður, að skipið skyldi kyrrsett og tekið úr umráðum gerðarþola.

Í 39. gr. laga nr. 90/1989 um aðför eru ákvæði um rétt gerðarþola til að vísa á eignir til fjárnáms. Þessi ákvæði eiga hér við, sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1990. Bókun sýslumanns, sem áður er getið, verður ekki skilin öðruvísi en svo, að gerðarþoli hafi nýtt sér rétt samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laga nr. 90/1989 og bent á veiðarfæri skipsins til kyrrsetningar í stað skipsins sjálfs og að gerðarbeiðandi hafi mótmælt því. Ekki kemur fram, hvers vegna ábending gerðarþola að þessu leyti var ekki tekin til greina. Ekki er heldur skráð, að gerðarbeiðandi hafi við andmæli sín vísað til þess, að einhver atriði, sem getur í 4. mgr. 39. gr. laganna, ættu að leiða til þess, að hann væri óbundinn af ábendingu gerðarþola um verðmæti til kyrrsetningar.

Í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989 segir, að ekki skuli taka fjárnámi

meira en það, sem sýslumaður telur munu nægja til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda. Ekki nýtur gagna í málinu um verðmæti veiðarfæra skipsins að öðru leyti en því, að í áðurnefndu bréfi Þórarins S. Guðbergssonar kemur fram, að hann telji verðmæti þeirra veiðarfæra, sem voru um borð í skipinu, hafa numið 8.000.000–10.000.000 krónum. Krafa gerðarbeiðanda á hendur gerðarþola, sem kyrrsetningu var ætlað að tryggja, nam hins vegar 3.080.416 krónum. Er ljóst, að ekki var gætt ákvæða 2. mgr. 38. gr. laganna um að virða veiðarfærin til verðmæta, eftir að fram var komin ábending gerðarþola um, að þau yrðu kyrrsett í stað skipsins.

Samkvæmt öllu framanröktu er ljóst, að verulegir annmarkar voru á framkvæmd kyrrsetningar og umráðasviptingar, sem fór fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Verður lagt til grundvallar dómi, að stefndi hafi ekki sýnt fram á, að lögmæltum skilyrðum hafi verið fullnægt, til að hafna mætti því, að veiðarfærin yrðu kyrrsett í stað skipsins, svo sem gerðarþoli bauð. Er stefnda skylt að bæta áfrýjendum tjón, sem af þessu kann að hafa hlotist.

V.

Áfrýjendur styðja kröfur sínar þeim rökum, að stefndi hafi með fyrirvaralausum og ólögmætum aðgerðum sínum komið í veg fyrir, að samningar tækjust um ráðstöfun skipsins, þegar samningsumleitarnir voru á mjög viðkvæmu stigi. Félagið hafi af þessum sökum í raun verið svipt öllum tækifærum til að ráðstafa skipinu til erlendra útgerðarmanna, en þeir hafi vegna kyrrsetningarinnar kippt að sér hendinni í viðræðum um kaup eða leigu á því. Samningsaðstöðu félagsins hafi þannig verið spillt. Hafi áfrýjendur neyðst í þessari aðstöðu til að ganga að tilboði frá innlendum útgerðarmanni um kaup á öllum hlutabréfum í félaginu. Tilboð þetta hafi verið seljendum afar óhagstætt og mun lægra en fengist hefði, ef ekki hefði komið til aðgerða stefnda.

Í viðræðum Skriðjökuls hf. við erlenda aðila mun félagið hafa gert ráð fyrir að selja skipið Ottar Birting. Hafa áfrýjendur vísað til þess, hvað ætla hefði mátt, að söluverð skipsins yrði í slíkum samningum, og borið saman við endanlega sölu hlutabréfa sinna í Skriðjökli hf. Af slíkum samanburði verður hins vegar ekki ráðið um hugsanlegt tjón vegna aðgerða stefnda. Til dæmis hafa áfrýjendur

þannig ekki látið meta, hvert hafi verið líklegt verðmæti hlutabréfanna fyrir 12. apríl 1995. Er útlístað þeirra á fjártlóni og miska svo vanreifuð, að ekki verður hjá því komist af þeim sökum að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Málinu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 24. maí 1996.

Ár 1996, föstudaginn 24. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp dómur í málinu E-120/1995.

Mál þetta, sem þingfest var 5. október sl., er höfðað með stefnu, dags. 15. september sl., en skv. birtingarvottorði, birtri 14. september sl. Málið var tekið til dóms 9. maí sl.

Stefnendur eru: Hafsteinn Esjar Stefánsson, kt. 201044-3249, Sunnubraut 5, Höfn, Elma Þórarinsdóttir, kt. 010747-3849, Sunnubraut 5, Höfn, Gunnlaugur Ingvarsson, kt. 181155-3889, Háaleitisbraut 105, Reykjavík, Guðmundur Kr. Guðmundsson, kt. 090746-2359, Austurbraut 16, Höfn, Haraldur Ingvarsson, kt. 020859-4159, Hlíðargötu 15, Fáskrúðsfirði, Agnar Hafsteinsson, kt. 300763-4489, Furugrund 30, Kópavogi, Guðni Guðnason, kt. 240862-2049, Eyrarvegi 21, Grundarfirði, Sigurjón Ásgeirsson, kt. 070660-5719, Dúfnahólum 2, Reykjavík, Unnsteinn Guðmundsson, kt. 050545-7769, Fiskhól 9, Höfn, Friðrik Örn Guðmundsson, kt. 160552-2719, Smárahvammi 6, Egilsstöðum, IceMac hf., kt. 470693-2669, Faxaskála 2, Reykjavík, Ingvar Ingvarsson, kt. 200657-5869, Fornhaga 26, Reykjavík, og Alda Jóhannesdóttir, kt. 040143-1129, Álfalandi 13, Reykjavík.

Stefndi er Borgey hf., kt. 480166-2989, Krossey, Höfn, Hornafirði.

Dómkröfur stefnenda eru, „að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum eftirgreindar bætur:

Hafsteini Esjari Stefánssyni	kr.	1.352.200
Elmu Þórarinsdóttur	–	250.000
Gunnlaugi Ingvarssyni	–	250.000
Guðmundi Kr. Guðmundssyni	–	1.102.200
Haraldi Ingvarssyni	–	363.000
Agnari Hafsteinssyni	–	474.600

Guðna Guðnasyni	–	682.600
Sigurjóni Ásgeirssyni	–	363.000
Unnsteini Guðmundssyni	–	697.800
Friðriki Erni Guðmundssyni	–	279.000
IceMac hf.	–	744.000
Ingvari Ingvarssyni	–	372.000
og Öldu Jóhannesdóttur	–	69.600
eða alls	–	7.000.000

auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. september 1995 til greiðsludags“. Auk þess verði stefndi dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að „stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í máli þessu. Jafnframt er þess krafist, að stefnendur verði dæmdir in solidum til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati réttarins“.

— — —

V.

Niðurstöður.

Óumdeilt er í málinu, að samningar þeir, sem gerðir voru á milli stefnda og Skriðjökuls hf. um notkun á skipinu Ottar Birting, komust ekki til framkvæmda vegna atvika, sem voru á ábyrgð Skriðjökuls hf. og vörðuðu skráningu skipsins á íslenska skipaskrá. Tilboði stefnda um að ganga til samninga að nýju með breyttum forsendum var ekki tekið af stjórn Skriðjökuls hf. innan tilboðsfrests, sem rann út 20. mars 1995. Slitnaði þar með upp úr samningssambandi stefnda og Skriðjökuls hf., en svo virðist sem tilraunir stjórnar Skriðjökuls hf. til að selja skipið, sem staðið höfðu allt frá árinu 1993, hafi haldið áfram. Í framhaldi verða þau atvik, sem stefnendur í málinu rekja ætlað tjón sitt til, en stefnendur halda því fram, að bæði sé um að ræða almennt fjártjón og miska. Rekja stefnendur í öllum tilvikum bótaskyldu stefnda til sömu atvika, þ. e., að kyrrsetning og vörslusvipting hafi verið óheimil, eins og á stóð.

Eins og áður segir, var skipið Ottar Birting kyrrsett 12. apríl 1995 að kröfu stefnda og Skriðjökull hf. jafnframt sviptur vörslu þess. Staðfestingarmáli, sem höfðað var fyrir Héraðsdómi Austurlands í framhaldi gerðarinnar, lauk 16. júní 1995 með dómsátt þess efnis, að Skriðjökull hf. greiddi fjárkröfuna að baki kyrrsetningargæðinni gegn því, að stefndi í þessu máli aflétti kyrrsetningunni við endurupptöku gerðarinnar. Jafnframt lýsti stefndi í þessu máli yfir því við gerð dómsáttarinnar, að hann gerði ekki frekari kröfur á hendur Skriðjökli hf. vegna kyrrsetningarmálsins og lögskiptum að baki því. Samsvarandi yfirlýsingu er ekki að finna frá hendi Skriðjökuls hf.,

en ljóst er á hinn bóginn, að aðilar kyrrsetningarmálsins höfðu talsvert togast á um orðalag sáttarinnar og forsvarsmenn Skriðjökuls hf. viljað eftir fremsta megni forðast, að sáttargerðin girti fyrir „höfðun skaðabótamáls gegn stefnanda [Borgey hf., – innsk. dómara] skv. VII. kafla laga um kyrrsetningu, lögbann o. fl. nr. 31/1990“, svo að vitnað sé til símbréfs lögmanns stefnenda sem umboðsmanns Skriðjökuls hf. til lögmanns stefnda.

Svo sem málatilbúnaði stefnenda er nánar lýst í stefnu, er grundvöllur málshöfðunarinnar þrífættur. Í fyrsta lagi er byggt á bótaskyldu á grundvelli bótaákvæða laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, í öðru lagi á bótaskyldu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins og í þriðja lagi á skyldu til greiðslu miskabóta.

Eins og fram hefur komið, voru stefnendur eigendur allra hluta í Skriðjökli hf. Með afsali, dags. 23. júní 1995, seldu stefnendur Snorra Snorrasyni, útgerðarmanni á Dalvík, öll hlutabréfin. Í afsalinu segir m. a.: „Hugsanleg skaðabótakrafa hluthafa [stefnenda, – innskot dómara] gegn Borgey hf., Höfn, Hornafirði, vegna kyrrsetningar og vörslusviptingar skips félagsins er eign seljenda. Kjósi seljandi að krefja Borgey hf. um skaðabætur, gerir hann það í nafni seljenda, á eigin kostnað og ábyrgð.“

Um bótaskyldu á grundvelli VII. kafla laga nr. 31/1990 segjast stefnendur njóta beinnar málshöfðunarheimildar í 2. mgr. 43. gr. laganna, en þar segir, að höfða megi sjálfstætt mál til heimtu skaðabóta innan þriggja mánaða, frá því að þeim, sem bóta krefst, varð kunnugt um niðurstöðu staðfestingarmáls. Skýra verður 2. mgr. 43. gr. kyrrsetningarlaga með hliðsjón af 42. gr. laganna. Þar segir, að gerðarbeiðandi skuli bæta þann miska og það fjárfjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja megi, að gerðin hafi valdið, ef kyrrsetning fellur niður vegna sýknu af þeirri kröfu, sem gerðinni var ætlað að tryggja. Svo sem fram hefur komið, lauk staðfestingarmálinu með réttarsátt, nema ágreiningur var með aðilum um málskostnað. Með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 16. júní 1996 var ákveðið, að Skriðjökull hf. greiddi stefnda í máli þessu 200.000 krónur í málskostnað vegna kyrrsetningarmálsins.

Í ljósi ofangreinds verður því ekki talið, að kyrrsetningarmálinu hafi lokið með sýknu af þeirri kröfu, sem gerðinni var ætlað að tryggja, hvorki sýknu að öllu leyti né að hluta. Þykir niðurstaðan því eiga að vera sú, að stefnendur skorti heimild til þess að höfða skaðabótamál á grundvelli VII. kafla greindra laga. Verður því ekki byggt á þeim málsástæðum við úrlausn á bótaskyldu stefnda.

Kröfugerð sína um skaðabætur á grundvelli almennra reglna leiða stefnendur frá réttarsambandi stefnda og Skriðjökuls hf. Telja þeir innheimtu-

aðgerðir stefnda gagnvart Skriðjökli hf. einnig hafa beinst að sér persónulega og valdið rýrnun á verðmæti hluta sinna í félaginu, eins og komið hafi á daginn, þegar hlutabréfin voru seld.

Almennt gildir, að kröfuhafi kann að baka sér bótaábyrgð, ef hann stendur ranglega að innheimtuaðgerðum. Verður í því sambandi að telja, að reglur kyrrsetningarlaga girði ekki í öllu fyrir, að þriðji maður höfði mál vegna ólögmatrar innheimtu á grundvelli almennra reglna. Af þeim sökum verður eigi fallist á þá málástæðu stefnda, að honum beri sýkna vegna aðildarskorts stefnenda.

Kyrrsetning er réttaráhræði kröfuhafa til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu um greiðslu peninga, ef henni verður ekki þegar fullnægt með aðför og sennilegt má telja, ef kyrrsetningin fer ekki fram, að draga muni mjög úr líkindum til þess, að fullnusta hennar takist eða reynist verulega örðugri. Kyrrsetning er í eðli sínu harkaleg aðgerð, og í því tilviki, sem hér er til umfjöllunar, kom kyrrsetning til vegna þess, að félag stefnenda skuldaði stefnda rúmlega þrjár milljónir króna. Óumdeilt er, að félagið var komið í greiðsluþrot, en eina eign þess laut hvorki íslenskum þinglýsingarreglum né öðrum skráningarreglum. Eins og áður segir, lauk kyrrsetningunni með dómsátt milli aðila kyrrsetningarmálsins, svo að stefndi fékk tryggingu fyrir greiðslu kröfunnar, sem hann mat nægilega, eins og fram kom fyrir dómi hjá framkvæmdastjóra stefnda. Gildi sáttarinnar er ekki til skoðunar í þessu máli.

Þegar þetta er virt í heild sinni, þykja stefndur ekki hafa sýnt fram á, að aðgerðir stefnda, aðrar en þær, sem þegar hafa verið til umfjöllunar fyrir dómi, hafi verið með þeim hætti, að bótaréttur rísi af til handa stefndum. Þar sem krafa um miska og bætur fyrir fjártjón eru í öllu raktar til sömu atvika, verður það niðurstaðan, að stefndi skal alsýkn af kröfum stefnenda.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skulu stefndur in solidum greiða stefnda málskostnað, 200.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Borgey hf., kt. 480166-2989, Krossey, Höfn, Hornafirði, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnenda, Hafsteins Esjars Stefánssonar, kt. 201044-3249, Sunnubraut 5, Höfn, Elmu Þórarinsdóttur, kt. 010747-3849, Sunnubraut 5, Höfn, Gunnlaugs Ingvarssonar, kt. 181155-3889, Háaleitisbraut 105, Reykjavík, Guðmundar Kr. Guðmundssonar, kt. 090746-2359, Austurbraut 16, Höfn, Haralds Ingvarssonar, kt. 020859-4159, Hlíðargötu 15, Fáskrúðsfirði, Agnars Hafsteinssonar, kt. 300763-4489, Furugrund 30, Kópavogi, Guðna Guðna-

sonar, kt. 240862-2049, Eyrarvegi 21, Grundarfirði, Sigurjóns Ásgeirssonar, kt. 070660-5719, Dúfnahólum 2, Reykjavík, Unnsteins Guðmundssonar, kt. 050545-7769, Fiskhól 9, Höfn, Friðriks Arnar Guðmundssonar, kt. 160552-2719, Smárahvammi 6, Egilsstöðum, IceMac hf., kt. 470693-2669, Faxaskála 2, Reykjavík, Ingvars Ingvarssonar, kt. 200657-5869, Fornhaga 26, Reykjavík, og Öldu Jóhannesdóttur, kt. 040143-1129, Álfalandi 13, Reykjavík.

Stefnendur greiði stefnda in solidum 200.000 krónur í málskostnað.
